

## Foreldrasamtöl í Auðarskóla

Formleg foreldrasamtöl fara fram tvisvar á hverju skólaári í kjölfar nemendasamtala. Lögð skal áhersla á að fram fari samræða milli nemenda, foreldra og kennara þar sem virkni og hreinskiptin tjáning fari fram.

Viðfangsefni foreldrasamtala er skólaganga nemandans í víðum skilningi:

- Líðan nemenda í skóla ◦ eineltishringurinn
- Áhugamál og tómstundir
- Félagsleg staða nemandans ◦ vinir og vinahópur ◦ þátttaka í félagslífi, íþróttalífi, tónlist og fl.
- Námsleg staða nemandans; ◦ námsframvinda í öllum námsgreinum (líka valgreinum), ◦ námsleg staða miðað við jafnaldara, ◦ samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk, ◦ heimanám, ◦ rætt um næst skref í náminu.
- Styrkleikar nemandans ◦ nemandi sýnir góð verkefni sem hann velur
- Rætt um lykilhæfni
- Annað sem foreldrar eða nemandi vilja ræða.

Foreldrasamtölin skulu undirbúin með nokkrum fyrirvara, þannig að ljóst sé hvert hlutverk nemanda sé í samtalinu og þannig að foreldrar fái yfirlit fyrir samtölin um hvað verður rætt. Þegar nemandi sem vísar frá í námi, þroska eða hegðun á í hlut skal samtalið vera tvískipt ef þurfa þykir. Er þá hluti samtalsins án nemandans og fleiri starfsmenn eða teymi, sem vinnur með nemandann, sest með foreldrum. Símaviðtal kennara við foreldra kemur ekki staðinn fyrir þríliða samræðu foreldraviðtals. Komist foreldrar ekki til viðtals má fresta því eða ræða það helsta í gegnum síma.

Kennarahópur Auðarskóla ágúst/september 2013